

## **Umræðuhópur 1, um öruggari vegi, götur og umhverfi vega – öruggari ökutæki og öruggari öikumenn**

### **Öruggari vegir, götur og umhverfi vega**

**Öryggisþættir** umferðarmannvirkja eru vel þekktir og fyrirliggjandi við skipulagningu vegaframkvæmda, en skyldan til að fara eftir þeim er takmörkuð og því verða þeir oft útundan vegna kostnaðarsjónarmiða. Þessu þarf að breyta.

**Öryggiskröfur:** Jafnframt verði gerð aukin krafa um áhrif öryggisþátta við skipulagningu vegaframkvæmda.

**2 + 1 vegir:** Hafa sannað ágæti sitt í öðrum löndum. Skylt verði við lagningu slíkra vega að vegrið skilji að umferð í gangstæðar akstursáttir.

**Mislæg gatnamót:** Hver mislæg gatnamót sem gerð eru auka öryggi vegfarenda.

**Hjólreiðastígur o.fl.:** Við vegaframkvæmdir í framtíðinni verði almennt horft til allra þeirra sem vegirnir eiga að þjóna, vélknúinna ökutækja, hjólreiðamanna, hestamanna og gangandi vegfarenda.

### **Öruggari ökutæki – öruggari öikumenn**

**Erlendir öikumenn:** Áhersla verði lögð á samstarf yfirvalda og bílaleiga um sameiginlegt átak til aukinnar fræðslu og leiðbeininga til erlendra öikumanna.

Þann 3. desember n.k. verður haldinn samráðsfundur um erlenda öikumenn, skipulagður af umferðarfulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu.

**Eldri öikumenn:** Viðkvæmt málefni en úrræði eru nauðsynleg. Rætt um sérstakan trúnaðarlækni og sértæk hæfnispróf.

**Löggæsla:** Stórefla þarf löggæslu í landinu.

#### **Annað:**

-Öryggisbúnaður ökutækja –kennsla til öikumanna og farþega

-Gæði öikumennslu og áhrif á öikumenn

-Skylda bílaumboða til áróðurs

-Ástand ökutækja – er of mikil áhersla á skoðun ökutækja og má nota fjármagnið í annað - eða þarf að gera meira í þeim efnum?

## **Umræðuhópur 2, um forvarnir – löggæslu – áfengi, lyf, þreytu og slysarannsóknir**

### **Forvarnir – löggæsla:**

Hópurinn var sammála um að:

1. Viðhorfsbreyting verði að vera hjá öikumönnum, einkum hjá aldurshópnum 30-50 ára þar sem hann er fyrirmynd yngri öikumanna og fólk á þeim aldri leiðbeinendur þeirra
2. Auka þurfi markvisst kennslu á öllum aldurstigum
3. Virkja þurfi sjónvarp miklu betur til fræðslu
4. Sýnilega löggæslu þurfi að auka
5. Virkja þurfi sveitarfélögin betur til að gera umhverfi barna og öikumanna öruggara
6. Beina þurfi forvörnum með sértækum aðgerðum til þeirra sem lenda í umferðarlagabrotum, m.a. með endurtekinni kennslu og prófum
7. Hópurinn leggur til að endurskoðað verði hvort taka eigi upp endurnýjun ökuskírteina með vissu millibili.

### **Áfengi, lyf, svefn – slysarannsóknir:**

1. Hópurinn leggur til varðandi ölvunarakstur að leyfilegt áfengismagn í blóði verði lækkað niður í 0,2 prómill og lagabreyting verði gerð varðandi lyfjaakstur með hertum viðurlögum
2. Krafa verði um sértækar aðgerðir vegna ölvunaraksturs m.a. með áfengismeðferð
3. Taka þarf á kæfisvefni sem áhættuþætti í umferðinni
4. Auka verður lögreglurannsóknir vegna vímuefna- og lyfjaaksturs.